

## AUGLÝSING

### um upplýsingaskiptasamning við Panama.

Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Lýðveldisins Panama um upplýsingaskipti um skattamál, sem gerður var í London 12. nóvember 2012, öðlaðist gildi 30. nóvember 2013.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.  
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 9. desember 2013.*

**Gunnar Bragi Sveinsson.**

*Einar Gunnarsson.*

### Fylgiskjal.

#### SAMNINGUR MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS OG RÍKISSTJÓRNAR LÝÐVELDISINS PANAMA UM UPPLÝSINGASKIPTI UM SKATTAMÁL

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Lýðveldisins Panama, sem vilja gera samning um upplýsingaskipti að því er varðar skattamál, hafa orðið ásattar um eftirfarandi:

1. gr.

*Markmið og gildissvið samningsins.*

Bær stjórnvöld samningsaðilanna skulu veita aðstoð með því að skiptast á upplýsingum sem gætu skipt máli við framkvæmd eða fullnustu landslaga samningsaðilanna um skatta sem samningur þessi tekur til. Slíkar upplýsingar skulu fela í sér vitneskju sem gæti skipt máli við ákvörðun, álagningu og innheimtu fyrrnefndra skatta, heimtu og fullnustu skattkrafna eða við rannsókn eða saksókn vegna skattamála.

Skipst skal á upplýsingum í samræmi við ákvæði þessa samnings og farið með þær sem trúnaðarmál á þann hátt sem kveðið er á um í 7. gr. Réttindi og verndarráðstafanir, sem aðilum eru tryggð samkvæmt lögum eða stjórnsýsluframkvæmd samningsaðilans, sem beiðni er beint til, gilda eftir sem áður, ef þau koma ekki með ótilhlýðilegum hætti í veg fyrir eða tefja skilvirk upplýsingaskipti.

2. gr.

*Lögsaga.*

Samningsaðila, sem beiðni er beint til, er ekki skylt að láta í té upplýsingar sem eru hvorki í vörslu stjórnvalda hans né aðilar innan lögsögu hans búa eða ráða yfir.

3. gr.

*Skattar sem samningurinn tekur til.*

1. Samningur þessi gildir um alla skatta sem lagðir eru á hjá samningsaðilum.
2. Samningur þessi tekur einnig til allra skatta sem eru af sömu eða að miklu leyti svipaðrar tegundar og lagðir eru á eftir undirritunardag hans til viðbótar við eða í staðinn fyrir gildandi skatta. Bær stjórnvöld samningsaðilanna skulu tilkynna hvort öðru um allar verulegar breytingar sem gerðar eru á skattlagningu og tengdum ráðstöfunum á sviði upplýsingaöflunar sem samningurinn tekur til.
3. Í tilviki Lýðveldisins Panama þá tekur samningur þessi ekki til skatta sem þar eru lagðir á af sveitarfélögum eða öðrum sjálfstjórnarhéruðum.

## 4. gr.

*Skilgreiningar.*

1. Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir, nema um aðrar skilgreiningar sé að ræða:
  - a) „Panama“ merkir, þegar heitið er notað í landfræðilegum skilningi, yfirráðasvæði lýðveldisins Panama, þar með talin innri vötn, lofthelgin og landhelgin og sérhvert það svæði utan landhelginnar þar sem lýðveldið Panama hefur að þjóðarétti eða samkvæmt eigin löggjöf, lögsögu eða fullveldisréttindi yfir eða mun hafa í framtíðinni að því er varðar hafsbotninn, botnlög hans og hafið yfir honum og náttúruauðlindir þeirra;
  - b) „Ísland“ merkir Ísland og, þegar heitið er notað í landfræðilegum skilningi, yfirráðasvæði Íslands, þar með talin landhelgin og sérhvert það svæði utan landhelginnar þar sem Ísland hefur að þjóðarétti lögsögu eða fullveldisréttindi að því er varðar hafsbotninn, botnlög hans og hafið yfir honum og náttúruauðlindir þeirra;
  - c) „Samningsaðili“ merkir Ísland eða Panama eftir því sem samhengið gefur til kynna;
  - d) „bært stjórnvald“ merkir:
    - (i) að því er varðar Panama, efnahags og fjármálaráðuneytið eða fulltrúa þess eða það stjórnvald sem er tilgreint sem bært stjórnvald að því er varðar samning þennan;
    - (ii) að því er varðar Ísland, fjármálaráðherra eða fulltrúa hans;
  - e) „aðili“ merkir mann, félag og sérhver önnur samtök aðila;
  - f) „félag“ merkir sérhverja persónu að lögum eða sérhverja aðra einingu sem telst persóna að lögum að því er skatta varðar;
  - g) „félag skráð í kauphöll“ merkir sérhvert félag með meginflokk skráðra hlutabréfa í viðurkenndri kauphöll, að því tilskildu að auðvelt sé fyrir almenning að kaupa eða selja hlutabréf þess. Almennur telst geta keypt eða selt hlutabréf ef kaup eða sala hlutabréfa takmarkast hvorki beint né óbeint við afmarkaðan hóp fjárfesta;
  - h) „meginflokkur hlutabréfa“ merkir þann flokk eða þá flokka hlutabréfa sem hafa að baki sér meirihluta atkvæðamagns og verðmætis félagsins;
  - i) „viðurkennd kauphöll“ merkir sérhverja kauphöll sem bær stjórnvöld samningsaðilanna koma sér saman um;
  - j) „sameiginlegur fjárfestingarsjóður eða -kerfi“ merkir hvers kyns sameiginlega fjárfestingarleið, án tillits til rekstrarforms að lögum. Hugtakið „sameiginlegur opinber fjárfestingarsjóður eða -kerfi“ merkir sameiginlegan fjárfestingarsjóð eða -kerfi, að því tilskildu að auðvelt sé fyrir almenning að kaupa, selja eða innleysa einingar, hlutabréf eða aðra eignarhluta í sjóðnum eða kerfinu. Almennur telst geta keypt, selt eða innleyst einingar, hlutabréf eða aðra eignarhluta í sjóðnum eða kerfinu á auðveldan hátt ef kaup, sala eða innlausn takmarkast hvorki beint né óbeint við afmarkaðan hóp fjárfesta;
  - k) „skattur“ merkir hvern þann skatt sem samningurinn gildir um;
    - l) „samningsaðili sem leggur fram beiðni“ merkir þann samningsaðila sem óskar eftir upplýsingum;
  - m) „samningsaðili sem beiðni er beint til“ merkir þann samningsaðila sem óskað er eftir að veiti upplýsingar;
  - n) „ráðstafanir á sviði upplýsingaöflunar“ merkir lög og málsmeðferðarreglur stjórnsýslu og dómstóla sem gera samningsaðila kleift að afla umbeðinna upplýsinga og láta þær í té;
  - o) „upplýsingar“ merkir allar staðreyndir, yfirlýsingar eða skýrslur í hvaða mynd sem er;
  - p) „mál vegna refsiverðra skattalagabrota“ merkir mál er varða skatta og þar sem um vísvitandi háttsemi er að ræða sem sætt getur ákæru samkvæmt refsíákvæðum laga þess samningsaðila sem leggur fram beiðni;
  - q) „refsíákvæði laga“ merkir öll refsíákvæði laga sem eru skilgreind sem slík að landsrétti, án tillits til þess hvort þau eru hluti skattalaga, almennra hegningarlaga eða annarra refsíheimilda.
2. Við framkvæmd samningsaðila á ákvæðum þessa samnings á hverjum tíma skulu öll hugtök, sem ekki eru skilgreind í samningnum, nema annað leiði af samhenginu, hafa sömu merkingu og þau hafa á þeim tíma samkvæmt lögum viðkomandi samningsaðila. Sú merking, sem hugtakið hefur samkvæmt viðeigandi skattalögum þess samningsaðila, skal ganga frammar þeirri merkingu sem hugtakið hefur samkvæmt öðrum lögum þess samningsaðila.

## 5. gr.

*Upplýsingaskipti samkvæmt beiðni.*

1. Bært stjórnvald samningsaðila, sem beiðni er beint til, skal, þegar um er beðið, veita upplýsingar í þeim tilgangi sem um getur í 1. gr. Miðla skal slíkum upplýsingum án tillits til þess hvort háttsemin, sem er í rannsókn, telst til afbrota samkvæmt lögum samningsaðilans, sem beiðni er beint til, hefði slík háttsemi átt stað hjá þeim samningsaðila.
2. Ef upplýsingarnar sem bært stjórnvald samningsaðila sem beiðni er beint til, hefur yfir að ráða, fullnægja ekki upplýsingabeiðninni skal samningsaðilinn sem beiðni er beint til, beita öllum ráðstöfunum á sviði upplýsingaöflunar til að láta samningsaðila sem leggur fram beiðni umbeðnar upplýsingar í té, jafnvel þótt samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, þurfi ekki á þeim að halda vegna eigin skattamála.
3. Óski bær stjórnvöld samningsaðila sem leggur fram beiðni þess sérstaklega skulu bær stjórnvöld samningsaðilans, sem beiðni er beint til, veita upplýsingar samkvæmt þessari grein, að því marki sem heimilt er samkvæmt lögum hans, í formi vitnisburðar og staðfestra endurrita frumskjala.
4. Hvor samningsaðili um sig skal sjá til þess að bær stjórnvöld hans hafi til þess heimild, í þeim tilgangi sem um getur í 1. gr. þessa samnings, að afla og veita, samkvæmt beiðni:
  - a) upplýsingar í vörslu banka, annarra fjármálastofnana eða annarra aðila, þar með taldir tilnefndir aðilar og vörslumenn, sem koma fram sem umboðsaðilar eða annast fjármunavörslu;
  - b) upplýsingar um eignarhald á félögum, sameignarfélögum, fjárvörslusjóðum, stofnunum, "Anstalten" og öðrum aðilum, þar með talið, innan þeirra marka sem sett eru í 2. gr., upplýsingar um eignarhald allra slíkra aðila í eignarhaldskeðju; þegar um er að ræða fjárvörslusjóði, upplýsingar um stofnendur, vörslumenn og réttshafa, og þegar um er að ræða stofnanir, upplýsingar um stofnendur, menn í stjórnarnefnd stofnunarinnar og réttshafa. Að auki skuldbindur samningur þessi ekki samningsaðila til að afla eða veita upplýsingar um eignarhald að því er varðar félög skráð í kauphöll eða sameiginlega opinbera fjárfestingarsjóði eða -kerfi, nema unnt sé að afla slíkra upplýsinga án þess að það hafi í för með sér óhóflega erfiðleika.
5. Bært stjórnvald samningsaðila sem leggur fram beiðni skal veita bæru stjórnvaldi samningsaðilans, sem beiðni er beint til, eftirfarandi upplýsingar þegar það óskar eftir upplýsingum samkvæmt samningi þessum til þess að unnt sé að sýna fram á að upplýsingarnar, sem óskað er eftir, varði beiðnina:
  - a) deili á þeim aðila eða aðilum sem eru til skoðunar eða rannsóknar;
  - b) yfirlýsingu um eðli þeirra upplýsinga sem beðið er um og í hvaða formi samningsaðili sem leggur fram beiðni óskar eftir að móttaka upplýsingarnar frá samningsaðilanum sem beiðni er beint til;
  - c) þau skattímabil sem óskað er upplýsinga um;
  - d) í hvaða skattalegum tilgangi upplýsinganna er aflað;
  - e) ástæður þess að talið er að samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, búi yfir þeim upplýsingum sem beðið er um eða að aðili innan lögsögu samningsaðilans, sem beiðni er beint til, hafi þær undir höndum eða geti aflað þeirra;
  - f) nafn og heimilisfang sérhvers aðila sem talið er að búi yfir þeim upplýsingum sem beðið er um, ef þau eru þekkt;
  - g) yfirlýsingu þess efnis að beiðnin sé í samræmi við lög og stjórnsýsluvenjur samningsaðila sem leggur fram beiðni, að ef umbeðnar upplýsingar eru innan lögsögu samningsaðila sem leggur fram beiðni geti bært stjórnvald samningsaðila sem leggur fram beiðni aflað þeirra samkvæmt lögum samningsaðila sem leggur fram beiðni eða með eðlilegri stjórnsýsluframkvæmd og að hún sé í samræmi við samning þennan;
  - h) yfirlýsingu þess efnis að samningsaðili sem leggur fram beiðni, hafi neytt allra tiltækra ráða á eigin yfiráðasvæði til þess að afla upplýsinganna, nema þeirra sem hefðu í för með sér óhóflega erfiðleika.
6. Bært stjórnvald samningsaðilans, sem beiðni er beint til, skal senda umbeðnar upplýsingar til samningsaðilans sem leggur fram beiðni eins fljótt og auðið er. Til að tryggja skjót svör skal bært stjórnvald samningsaðilans, sem beiðni er beint til:

- a) Staðfesta viðtöku beiðni skriflega við bært stjórnvald samningsaðila sem leggur fram beiðni og skal tilkynna bæru stjórnvaldi samningsaðila sem leggur fram beiðni um annmarka á beiðninni, ef einhverjir eru, innan 60 daga frá viðtöku beiðninnar.
- b) Ef bært stjórnvald samningsaðilans, sem beiðni er beint til, hefur ekki getað aflað upplýsinganna og veitt þær innan 90 daga frá viðtöku beiðninnar, m.a. ef hindranir eru í vegi fyrir því að það geti látið upplýsingarnar í té eða ef það neitar að láta upplýsingarnar í té, skal það þegar í stað greina samningsaðilanum sem leggur fram beiðni frá því, skýra ástæðuna fyrir því að það geti ekki orðið við beiðninni, eðli hindrananna eða ástæður þess að það neitar að veita upplýsingar.

## 6. gr.

*Möguleiki á að synja beiðni.*

1. Bæru stjórnvaldi samningsaðila, sem beiðni er beint til, er ekki skylt að útvega eða afhenda upplýsingar sem samningsaðili sem leggur fram beiðni getur ekki aflað samkvæmt eigin lögum vegna framkvæmdar eða fullnustu eigin skattalaga. Bært stjórnvald samningsaðila, sem beiðni er beint til, er heimilt að synja um aðstoð ef beiðnin er ekki sett fram í samræmi við samning þennan.
2. Ákvæði þessa samnings skulu ekki leggja á samningsaðila þá skyldu að afhenda upplýsingar sem myndu leiða í ljós viðskipta-, atvinnu-, iðnaðar-, verslunar- eða sérfræðileyndarmál eða framleiðsluaðferð. Þrátt fyrir framangreint skal ekki meðhöndla upplýsingar af því tagi, sem um getur í 4. mgr. 5. gr., sem slíkt leyndarmál eða framleiðsluaðferð einungis vegna þess að þær uppfylla skilyrðin í þeirri málsgrein.
3. Ákvæði þessa samnings skulu ekki leggja á samningsaðila þá skyldu að afla upplýsinga eða veita upplýsingar sem myndu leiða í ljós trúnaðarsamskipti milli skjólstaðings og lögfræðings, lögmanns eða annars viðurkennds lagalegs fyrirsvarsmanns ef slík samskipti eiga sér stað:
  - a) í þeim tilgangi að sækjast eftir eða veita lögfræðiráðgjöf; eða
  - b) í þeim tilgangi að nota í tengslum við málarekstur eða við fyrirhugaðan málarekstur.
4. Samningsaðili, sem beiðni er beint til, getur synjað beiðni um upplýsingar ef veiting þeirra upplýsinga er andstæð allsherjarreglu (ordre public).
5. Ekki skal hafna beiðni um upplýsingar af þeirri ástæðu að ágreiningur sé uppi um skattkröfuna sem er ástæða fyrir beiðninni.
6. Samningsaðili, sem beiðni er beint til, getur synjað beiðni um upplýsingar ef samningsaðili sem leggur fram beiðni biður um þær í því skyni að framkvæma eða framfylgja ákvæði skattalaga samningsaðila sem leggur fram beiðni eða hvers konar kröfu þar að lútandi, sem mismunar ríkisborgara samningsaðilans, sem beiðni er beint til, samanborið við ríkisborgara samningsaðila sem leggur fram beiðni við sömu aðstæður.

## 7. gr.

*Trúnaðarkvaðir.*

Allar upplýsingar, sem samningsaðili tekur við samkvæmt samningi þessum, skulu vera trúnaðarmál og einungis afhentar aðilum eða yfirvöldum (þar með taldir dómstólar og stjórnarsýslustofnanir) í lögsögu þess samningsaðila sem sér um álagningu eða innheimtu, fullnustu eða saksókn eða ákvörðun um áfrýjun í tengslum við skatta þá sem samningurinn tekur til. Þessir aðilar eða yfirvöld skulu einungis nota upplýsingarnar í framangreindum tilgangi. Þeim er heimilt að gera slíkar upplýsingar opinberar í málarekstri fyrir dómstólum eða í dómsniðurstöðum. Ekki má veita neinni annarri einingu eða yfirvaldi upplýsingarnar eða opinbera þær innan lögsögu samningsaðilans sem leggur fram beiðni án skýlauss, skriflegs samþykkis bærs stjórnvalds samningsaðilans sem beiðni er beint til.

## 8. gr.

*Kostnaður.*

Bær stjórnvöld samningsaðila skulu koma sér saman um greiðslu kostnaðar sem til fellur við að veita aðstoð.

## 9. gr.

*Framkvæmd gagnkvæms samkomulags.*

1. Komi upp vandi eða vafaatriði milli samningsaðilanna varðandi túlkun eða beitingu samningsins, skulu bær stjórnvöld samningsaðilanna leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.
2. Til viðbótar við samkomulagið, sem um getur í 1. mgr., geta bær stjórnvöld samningsaðilanna ákvarðað í sameiningu hvaða málsmeðferð skuli nota skv. 5. gr.
3. Bær stjórnvöld samningsaðilanna geta átt milliliðalaus samskipti sín á milli vegna þessarar greinar.

## 10. gr.

*Gildistaka.*

1. Samningsaðilar skulu tilkynna hvor öðrum skriflega um að málsmeðferðinni, sem krafist er samkvæmt lögum þeirra til þess að samningur þessi geti öðlast gildi, sé lokið.
2. Samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir móttöku síðari tilkynningarinnar og kemur til framkvæmda:
  - a) um mál vegna refsiverðra skattalagabrota á gildistökudegi;
  - b) um öll önnur málefni, sem falla undir 1. gr. á þeim degi, vegna skattímabila frá þeim degi þegar samningur þessi öðlast gildi, eða, ef ekki er um neitt skattár að ræða, allar skattskuldbindingar sem verða til á eða eftir þeim degi sem samningur þessi öðlast gildi.

## 11. gr.

*Uppsögn.*

1. Samningur þessi gildir þar til samningsaðili segir honum upp. Hvor samningsaðili um sig getur sagt samningnum upp eftir diplómatisikum leiðum með skriflegri tilkynningu um uppsögn til hins samningsaðilans. Gildir samningurinn þá ekki lengur frá og með fyrsta degi þess mánaðar sem hefst að liðnum sex mánuðum frá móttöku tilkynningar um uppsögn frá hinum samningsaðilanum.
2. Komi til samningsslita eru báðir samningsaðilarnir, eftir sem áður, bundnir af ákvæðum 7. gr. að því er varðar upplýsingar sem aflað er samkvæmt samningnum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti í London hinn 12 nóvember 2012 á íslensku, spænsku og ensku og eru allir textar jafngildir. Ef ágreiningur rís um túlkun á textunum skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:

Benedikt Jónsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar lýðveldisins Panama:

Luis A. Laguerre R.

**AGREEMENT BETWEEN THE GOVERNMENT OF  
ICELAND AND THE GOVERNMENT OF THE REPUBLIC  
OF PANAMA FOR THE EXCHANGE OF INFORMATION  
RELATING TO TAX MATTERS**

The Government of Iceland and the Government of the Republic of Panama, desiring to conclude an Agreement for the exchange of information relating to tax matters, have agreed as follows:

Article 1

*Object and Scope of the Agreement*

The competent authorities of the Contracting Parties shall provide assistance through exchange of information that is foreseeably relevant to the administration and enforcement of the domestic laws of the Contracting Parties concerning taxes covered by this Agreement. Such information shall include information that is foreseeably relevant to the determination, assessment and collection of such taxes, the recovery and enforcement of tax claims, or the investigation or prosecution of tax matters.

Information shall be exchanged in accordance with the provisions of this Agreement and shall be treated as confidential in the manner provided in Article 7. The rights and safeguards secured to persons by the laws or administrative practice of the requested Party remain applicable to the extent that they do not unduly prevent or delay effective exchange of information.

Article 2

*Jurisdiction*

A Requested Party is not obligated to provide information which is neither held by its authorities nor in the possession or control of persons who are within its territorial jurisdiction.

Article 3

*Taxes Covered*

1. The taxes which are the subject of this Agreement are taxes of every kind and description imposed in the Contracting Parties.
2. This Agreement shall also apply to any identical or substantially similar taxes imposed after the date of signature of the Agreement in addition to or in place of the existing taxes. The competent authorities of the Contracting Parties shall notify each other of any substantial changes to the taxation and related information gathering measures covered by the Agreement.
3. This Agreement shall not apply to taxes imposed in the Republic of Panama by municipalities or other political subdivisions.

Article 4

*Definitions*

1. For the purposes of this Agreement, unless otherwise defined:
  - a) the term "Panama", when used in a geographical sense, means the territory of the Republic of Panama, including inland waters, its airspace and the territorial sea, and any area outside the territorial sea within which, in accordance with International Law and on application of its domestic legislation, the Republic of Panama exercises, or may exercise in the future, jurisdiction or sovereign rights with respect to the seabed, its subsoil and superjacent waters, and their natural resources;
  - b) the term "Iceland" means Iceland and, when used in a geographical sense, means the territory of Iceland, including its territorial sea, and any area beyond the territorial sea within which Iceland, in accordance with international law, exercises jurisdiction or sovereign rights with respect to the sea bed, its subsoil and its superjacent waters, and their natural resources;
  - c) the term "Contracting Party" means Iceland or Panama as the context requires;
  - d) the term "competent authority" means:

- (i) in Panama, the Ministry of Economy and Finance or its authorised representative or the authority which is designated as a competent authority for the purposes of this Agreement;
  - (ii) in Iceland, the Minister of Finance or the Minister's authorised representative;
  - e) the term "person" includes an individual, a company and any other body of persons;
  - f) the term "company" means any body corporate or any entity that is treated as a body corporate for tax purposes;
  - g) the term "publicly traded company" means any company whose principal class of shares is listed on a recognized stock exchange provided its listed shares can be readily purchased or sold by the public. Shares can be purchased or sold "by the public" if the purchase or sale of shares is not implicitly or explicitly restricted to a limited group of investors;
  - h) the term "principal class of shares" means the class or classes of shares representing a majority of the voting power and value of the company;
  - i) the term "recognised stock exchange" means any stock exchange agreed upon by the competent authorities of the Contracting Parties;
  - j) the term "collective investment fund or scheme" means any pooled investment vehicle, irrespective of legal form. The term "public collective investment fund or scheme" means any collective investment fund or scheme provided the units, shares or other interests in the fund or scheme can be readily purchased, sold or redeemed by the public. Units, shares or other interests in the fund or scheme can be readily purchased, sold or redeemed "by the public" if the purchase, sale or redemption is not implicitly or explicitly restricted to a limited group of investors;
  - k) the term "tax" means any tax to which the Agreement applies;
  - l) the term "requesting Party" means the Contracting Party requesting information;
  - m) the term "requested Party" means the Contracting Party requested to provide information;
  - n) the term "information gathering measures" means laws and administrative or judicial procedures that enable a Contracting Party to obtain and provide the requested information;
  - o) the term "information" means any fact, statement or record in any form whatever;
  - p) the term "criminal tax matters" means tax matters involving intentional conduct which is liable to prosecution under the criminal laws of the requesting Party;
  - q) the term "criminal laws" means all criminal laws designated as such under domestic law irrespective of whether contained in the tax laws, the criminal code or other statutes.
2. As regards the application of this Agreement at any time by a Contracting Party, any term not defined therein shall, unless the context otherwise requires, have the meaning that it has at that time under the law of that Party, any meaning under the applicable tax laws of that Party prevailing over a meaning given to the term under other laws of that Party.

#### Article 5

##### *Exchange of Information Upon Request*

1. The competent authority of the requested Party shall provide upon request information for the purposes referred to in Article 1. Such information shall be exchanged without regard to whether the conduct being investigated would constitute a crime under the laws of the requested Party if such conduct occurred in the requested Party.
2. If the information in the possession of the competent authority of the requested Party is not sufficient to enable it to comply with the request for information, that Party shall use all relevant information gathering measures to provide the requesting Party with the information requested, notwithstanding that the requested Party may not need such information for its own tax purposes.
3. If specifically requested by the competent authority of a requesting Party, the competent authority of the requested Party shall provide information under this Article, to the extent allowable under its domestic laws, in the form of depositions of witnesses and authenticated copies of original records.
4. Each Contracting Party shall ensure that its competent authorities for the purposes specified in Article 1 of the Agreement, have the authority to obtain and provide upon request:

- a) information held by banks, other financial institutions, and any person acting in an agency or fiduciary capacity including nominees and trustees;
  - b) information regarding the ownership of companies, partnerships, trusts, foundations, "Anstalten" and other persons, including, within the constraints of Article 2, ownership information on all such persons in an ownership chain; in the case of trusts, information on settlors, trustees, and beneficiaries; and in the case of foundations, information on founders, members of the foundation council, and beneficiaries. Further, this Agreement does not create an obligation on the Contracting Parties to obtain or provide ownership information with respect to publicly traded companies or public collective investment funds or schemes unless such information can be obtained without giving rise to disproportionate difficulties.
5. The competent authority of the requesting Party shall provide the following information to the competent authority of the requested Party when making a request for information under the Agreement to demonstrate the foreseeable relevance of the information to the request:
- a) the identity of the person or persons under examination or investigation;
  - b) a statement of the information sought including its nature and the form in which the requesting Party wishes to receive the information from the requested Party;
  - c) the taxable periods for which the information is requested;
  - d) the tax purpose for which the information is sought;
  - e) grounds for believing that the information requested is held in the requested Party or is in the possession or control of a person within the jurisdiction of the requested Party;
  - f) to the extent known, the name and address of any person believed to be in possession of the requested information;
  - g) a statement that the request is in conformity with the law and administrative practices of the requesting Party, that if the requested information was within the jurisdiction of the requesting Party then the competent authority of the requesting Party would be able to obtain the information under the laws of the requesting Party or in the normal course of administrative practice and that it is in conformity with this Agreement;
  - h) a statement that the requesting Party has pursued all means available in its own territory to obtain the information, except those that would give rise to disproportionate difficulties.
6. The competent authority of the requested Party shall forward the requested information as promptly as possible to the requesting Party. To ensure a prompt response, the competent authority of the requested Party shall:
- a) Confirm receipt of a request in writing to the competent authority of the requesting Party and shall notify the competent authority of the requesting Party of deficiencies in the request, if any, within 60 days of the receipt of the request.
  - b) If the competent authority of the requested Party has been unable to obtain and provide the information within 90 days of receipt of the request, including if it encounters obstacles in furnishing the information or it refuses to furnish the information, it shall immediately inform the requesting Party explaining the reason for its inability, the nature of the obstacles or the reasons for its refusal.

#### Article 6

##### *Possibility of Declining a Request*

1. The requested Party shall not be required to obtain or provide information that the requesting Party would not be able to obtain under its own laws for purposes of the administration or enforcement of its own tax laws. The competent authority of the requested Party may decline to assist where the request is not made in conformity with this Agreement.
2. The provisions of this Agreement shall not impose on a Contracting Party the obligation to supply information which would disclose any trade, business, industrial, commercial or professional secret or trade process. Notwithstanding the foregoing, information of the type referred to in Article 5, paragraph 4 shall not be treated as such a secret or trade process merely because it meets the criteria in that paragraph.
3. The provisions of this Agreement shall not impose on a Contracting Party the obligation to



obtain or provide information, which would reveal confidential communications between a client and an attorney, solicitor or other admitted legal representative where such communications are:

- a) produced for the purposes of seeking or providing legal advice or
  - b) produced for the purposes of use in existing or contemplated legal proceedings.
4. The requested Party may decline a request for information if the disclosure of the information would be contrary to public policy (ordre public).
  5. A request for information shall not be refused on the ground that the tax claim giving rise to the request is disputed.
  6. The requested Party may decline a request for information if the information is requested by the requesting Party to administer or enforce a provision of the tax law of the requesting Party, or any requirement connected therewith, which discriminates against a national of the requested Party as compared with a national of the requesting Party in the same circumstances.

#### Article 7

##### *Confidentiality*

Any information received by a Contracting Party under this Agreement shall be treated as confidential and may be disclosed only to persons or authorities (including courts and administrative bodies) in the jurisdiction of the Contracting Party concerned with the assessment or collection of, the enforcement or prosecution in respect of, or the determination of appeals in relation to, the taxes covered by this Agreement. Such persons or authorities shall use such information only for such purposes. They may disclose the information in public court proceedings or in judicial decisions. The information may not be disclosed to any other entity or authority within the jurisdiction of the requesting Party without the express written consent of the competent authority of the requested Party.

#### Article 8

##### *Costs*

Incidence of costs incurred in providing assistance shall be agreed by the competent authorities of the Contracting Parties.

#### Article 9

##### *Mutual Agreement Procedure*

1. Where difficulties or doubts arise between the Contracting Parties regarding the implementation or interpretation of the Agreement, the competent authorities shall endeavor to resolve the matter by mutual agreement.
2. In addition to the agreements referred to in paragraph 1, the competent authorities of the Contracting Parties may mutually agree on the procedures to be used under Article 5.
3. The competent authorities of the Contracting Parties may communicate with each other directly for purposes of reaching agreement under this Article.

#### Article 10

##### *Entry Into Force*

1. Each of the Contracting Parties shall notify the other in writing of the completion of the procedures required by its law for the entry into force of this Agreement.
2. The Agreement shall enter into force on the thirtieth day after the receipt of the later of these notifications and shall thereupon have effect:
  - a) for criminal tax matters, from the date of entry into force;
  - b) for all other matters covered in Article 1, for taxable periods beginning on or after the date on which the Agreement enters into force, or where there is no taxable period, for all charges to tax arising on or after the date on which the Agreement enters into force.

Article 11  
*Termination*

1. This Agreement shall remain in force until terminated by a Contracting Party. Either Contracting Party may terminate the Agreement, through diplomatic channels, by giving written notice of termination to the other Contracting Party. In such case, the Agreement shall cease to have effect on the first day of the month following the end of the period of six months after the date of receipt of notice of termination by the other Contracting Party.
2. In the event of termination, both Contracting Parties shall remain bound by the provisions of Article 7 with respect to any information obtained under the Agreement.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned being duly authorized thereto have signed the Agreement.

DONE AT London this 12<sup>th</sup> day of November 2012, in duplicate in the Icelandic, the Spanish and the English languages, each text being equally authentic. In case of divergence between the texts, the English text shall prevail.

For the Government of Iceland:

For the Government of the Republic of Panama:

Benedikt Jónsson

Luis A. Laguerre R.